

Fundur nr. 67 í Hafnarstjórn haldinn í Ráðhúsinu fimmtudaginn 25.10.2012 kl. 20:00.

Mættir voru: Alex Páll Ólafsson, Hrannar Pétursson, Guðmundur Kolbeinn Björnsson, Valentínus Guðnason og Gyða Steinsdóttir hafnarstjóri.

Dagskrá:

1. Súgandisey stígagerð, viðhald og endurnýjun
Lagðar fram tillögur að frágangi á gönguleiðum og áningastöðum á Súgandisey skv. teikningum frá Landlínum dags. 27.7.2012. Tillögu var vísað til umsagnar frá bæjarstjórn.
Hafnarstjórn lýsir ánægju sinni með framkomnar tillögur en leggur til að upplýsingaskilti verði staðsett við tröppurnar uppí eyju sem sýni lengd og útlit stígana á eyjunni.
2. Samgönguáætlun
Umsókn um framlag vegna samgönguáætlunar 2013-2016 lögð fram til kynningar. Farið yfir samþykktu samgönguáætlun 2011-2014. Skv. þeirri samgönguáætlun er gert ráð fyrir 2 framkvæmdum í Stykkishólmi á árinu 2013. Lagfæringum við ferjubryggju og grjótvarnagarð við Skúlagötu.
3. Ferjubryggja
Rætt um ástand ferjubryggju og sögðu hafnarvörður og hafnarstjóri frá fundi með starfsmönnum Siglingastofnunar.
4. Fjárhagsáætlun 2013
Rætt var um fjárhagsáætlun 2013
5. Gjaldskrá Stykkishólshafnar
Lagt er til að gjaldskrá hafnarinnar fylgi hækkun vísitölu neysluverðs og verði hækkuð 1.1.2013.
6. Deiliskipulag Stykkishólshafnar
Rætt um deiliskipulag hafnarsvæðisins. Ákveðið að halda vinnu áfram á næsta fundi.
7. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003
Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:45.

Alex Páll Ólafsson (sign)
Valentínus Guðnason (sign)
Guðmundur K. Björnsson (sign)
Hrannar Pétursson (sign)
Gyða Steinsdóttir (sign)